

**Titill:** Umhverfis- og réttarsálfræði

**Skammstöfun:** SÁLF3CU05

**Útgáfunúmer:**

**Námsgrein:** Sálfræði

**Viðfangsefni:** Umhverfis- og réttarsálfræði

**Staða:** Áfangi er valáfangi

**Þrep:** 3

**Einingafjöldi:** 5

**Lýsing:**

Í umhverfissálfræði læra nemendur um samspil umhverfis og fólks. Farið verður í áhrif náttúru og byggðs umhverfis á heilsu og líðan. Fjallað verður um viðhorf fólks til umhverfis og hvernig umhverfið getur haft áhrif á mótun mannlífs t.d. á götum og torgum. Farið verður í grunnatriði innan réttarsálfræðinnar. Skoðuð verða afbrot og afbrotahegðun. Farið verður í kenningar um afbrotahegðun og tengsl umhverfis og afbrota.

**Forkröfur:** SÁLF2BT05/SÁLF2BP05

**Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirstöðum réttarsálfræðinnar til að mynda geðsálfræði
- hvernig umhverfi hefur áhrif á líðan, hegðun og heilsu fólks
- mismunandi nálganir sálfræðinnar á hegðun fólks
- sérkennum umhverfis- og réttarsálfræðinnar og þeim sérstöku aðferðum sem þær greina beita
- helstu hugtökum og kenningum umhverfissálfræðinnar og réttarsálfræðinnar

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti
- þekkja helstu kenningar um áhrif umhverfis á hegðun og líðan fólks
- þekkja helstu kenningar og rannsóknir á áhrifaþáttum glæpahegðunar

- vinna með helstu grunnhugtök umhverfis- og réttarsálfræði eins og umhverfisstreituvaldar, sálfræðilega endurheimt, afbrotahegðun, árásarhneigð og játningar

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum
- álykta um gæði og galla þeirra heimilda sem unnið er með
- beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt
- geta tekið þátt í rökræðum um málefni sem tengjast sálfræðinni

### **Námsmat:**

Tímapróf, ritgerð, skýrsla, verkefni, kynningar.